



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp um breytingar á lögum nr. 160/2008 um þjónustu- og þekkingarmiðstöð FRN23050065
Ráðuneyti	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	23.05.2023

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhuguð lagasetning hafi fjárhagsáhrif fyrir ríkið. Markmið lagasetningarinnar er að gera nauðsynlegar breytingar til samræmis við þróun í málaflokk fatlaðs fólks og breytt lagaumhverfi. Lagabreytingarnar fela í sér aukinn skýrleika fyrir þá sem að málafloknum koma, m.a. með nánari orðskýringum, auk þess að fela í sér uppfærslu og endurskoðun í takt við gildandi lög.

Núgildandi lög hafa ekki verið uppfærð til samræmis við lög nr. 38/2018 um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lög nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk eða lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þannig er sem dæmi vísað til trúnaðarmanns fatlaðs fólks í lögunum í stað réttindagæslumanns fyrir fatlað fólk. Þá er vísað til svæðisskrifstofu málefna fatlaðs fólks, en svæðisskrifstofur voru lagðar niður í upphafi árs 2011. Þá er þörf á að uppfæra ákvæði laganna um vinnslu og skráningu persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Loks er þörf á uppfærslu á ýmsu orðalagi og orðskýringum, t.d. er varðar skilgreiningu á lögblindu, sem ekki er í núgildandi lögum eða reglugerð nr. 233/2010 um úthlutun á hjálpartækjum á vegum þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga, en við úthlutun á hjálpartækjum við lögblinda einstaklinga byggir stofnunin á tiltekinni skilgreiningu sem rétt væri að lögfesta.

2. Tekjubreytingar

Á ekki við.

3. Útgjaldabreytingar

Á ekki við.

4. Eignabreytingar

Á ekki við.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

Á ekki við.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum? Á ekki við. 3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu? Nei.
C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni 1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið Á ekki við. 2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999. Á ekki við. 3. Samkeppnisskilyrði Á ekki við.
D. Önnur áhrif 1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 Áformin hafa ekki áhrif á fjárhag sveitarfélaga. 2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi) Áformin hafa ekki áhrif á frelsi til að veita þjónustu. 3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000 Áformin hafa ekki áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu. 4. Áhrif á byggðalög Áformin hafa ekki áhrif á byggðalög. 5. Áhrif á frjáls félagasamtök Áformin hafa ekki áhrif á frjáls félagasamtök. 6. Áhrif á jafnrétti kynjanna Ekki liggur fyrir kyngreind tölfræði um notendur stofnunarinnar að svo stöddu né upplýsingar um stöðu kynjanna í þessum hópi. Það verður kannað áður en frumvarp verður lagt fram. 7. Áhrif á lýðheilsu Á ekki við. 8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir Áformin hafa ekki áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir. 9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri Áformin hafa ekki áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri. 10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni Áformaðar lagabreytingar munu hafa jákvæð áhrif á getu þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar til að sinna hlutverki sínu sem skyldi. 11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar Fyrirhugaðar lagabreytingar eru taldar hafa jákvæð áhrif á stöðu fatlaðs fólks. Starfsemi þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er ætlað að auka möguleika þeirra sem eru blindir,

sjónskertir eða með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku. Stofnuninni er ætlað að hafa yfirsýn yfir aðstæður þeirra sem eru blindir eða sjónskertir og gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita umræddum notendum þjónustu.

Með lagasetningunni er stefnt að því að uppfæra núgildandi lög nr. 160/2008 í takt við breytt lagaumhverfi og framkvæmd og stuðla þannig að samræmi og skýrleika í löggjöf, sem mun tryggja getu stofnunarinnar til að sinna hlutverki sínu sem skyldi. Uppfærsla á lögunum er jafnframt í samræmi við markmið um jafnræði í þjónustu við fatlað fólk.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Áformin hafa ekki áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Áformin hafa ekki fjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Ekki er talin ástæða til að vekja athygli á öðrum áhrifum en beinum fjárhagsáhrifum.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat

Eins og áður segir er markmið fyrirhugaðrar lagasetningar að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum til samræmis við þróun í málaflokki fatlaðs fólks og breytt lagaumhverfi. Lagabreytingarnar fela í sér aukinn skýrleika fyrir þá sem að málafloknum koma, m.a. með nánari orðskýringum, auk þess að fela í sér uppfærslu og endurskoðun í takt við gildandi lög.

Breytingarnar stuðla þannig að samræmi og skýrleika í löggjöf, sem mun tryggja getu stofnunarinnar til að sinna hlutverki sínu sem skyldi. Uppfærsla á lögunum er jafnframt í samræmi við markmið um jafnræði í þjónustu við fatlað fólk. Einnig er það í samræmi við markmið samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks, sem ríkisstjórnin stefnir á að lögfesta á yfirstandandi kjörtímabili.)

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?